

“Ef þú lítur á hlutina frá nýju sjónarhorni,
þá breytist allt sem þú sérð!”

Wayne Dyer

BREYTINGAR

OG FORYSTUFÆRNI FRAMTÍÐAR

Bæjarbíó - Hafnarfirði - 29. nóvember frá 9:00 til 17:00

Profectus fagnar 10 ára vexti og framþróun

Af því tilefni efnum við til alþjóðlegrar námsstefnu í Bæjarbíói 29. nóvember. Við höfum fengið til liðs við okkur nokkra af leiðandi sérfræðingum á því sviði sem við höfum ávallt sérhæft okkur í: „Að hjálpa fólki og fyrirtækjum að gera gott betur“. Móta skýra stefnu og finna hugrekki til að komast alla leið, með því að horfast í augu við raunstöðu sína og leita nýrra lausna til að ná lengra.

Fyrirlesarar námsstefnunnar:



**Gréta María
Grétarsdóttir**

Gréta María, forstjóri Arctic Adventures, setur námsstefnuna. Hún hefur viðtæka reynslu og leggur ríka áherslu á samfélagsábyrgð.



Tim Hurson

Alþjóðlegur stjórnendabjálfi og metsöluhöfundur McGraw Hill Classic bókarinnar Think Better



**Dr. Puleng
Makhoalibe**

Alþjóðlegur fyrirlesari, rithöfundur og frumkvöðull. Hún var valin ein af 20 áhrifamestu kvenleiðtogum heims



Dorte Nielsen

Sérfræðingur í skapandi hugsun og höfundur 11 bóka, þ.á.m. metsölubókarinnar The Secret of The Highly Creative Thinker



**Dr. Marc &
Samantha Hurwitz**

Alþjóðlegir metsöluhöfundar og hönnuðir á hinu fyrsta líkani 21. aldar á áhrifameðri fylgjenda- og forystufærni



Ingvar Jónsson

Alþjóðlegur stjórnendamarkþjálfari og rithöfundur fjölda bóka hjá SAGE, Bismark og Mál og menningu



Jim Ridge

Listamaður og sérfræðingur í breytingastjórnun með meira en 30 ára reynslu með alþjóðlegum fyrirtækjakeðjum



**Valdimar Þór
Svavarsson**

Leiðandi sérfræðingur á sviði meðvirkni og áhrifum (skaða) sem hún getur haft á stefnumótun og menningu fyrirtækja



Frekari upplýsingar:

🌐 namsstefna.profectus.is
☎ +354 565 9111
✉ info@profectus.is



PROFECTUS
gerum gott betur!

BREYTINGAR

OG FORYSTUFÆRNI FRAMTÍÐAR

Bæjarbío - Hafnarfirði - 29. nóvember frá 9:00 til 17:00

Helstu upplýsingar

- Staður:** Bæjarbío í Hafnarfirði
- Dagsetning:** 29. nóvember
- Tími:** frá 9:00-17:00
- Upplýsingar:** namsstefna.profectus.is
- Verð:** 59.000 kr.
- Innifalið:** Veitingar og NBI® Forystugreining á verðmæti 22.900 kr.-
- Fjöldi sæta:** 230
- Námsstyrkir:** Í boði hjá mörgum sjóðum og stéttafélögum



Flestir stjórnendur eru að takast á við nýjan veruleika og sú verkfærakista sem þeir búa yfir skortir í mörgum tilvikum þau verkfæri sem þarf til að mæta þeim nýju áskorunum sem þeir standa frammi fyrir í dag.

Þessi námsstefna mun færa þeim lausnir og nýjar leiðir sem hjálpa við að vinna betur úr þeim áskorunum og ná meiri árangri í starfi.

Þetta er eintök námsstefna sem getur fært þér sterkann grunn til að byggja á til framtíðar þar sem aðeins eitt er víst, breytingar munu aðeins verða umfangsmeiri og flóknari!

Dagskrá námsstefnunnar:

Byrjar	Endar	Tími	Fyrirlesari	Erindi
8:30	9:00	0:30		Húsið opnar
9:00	9:10	0:10	Gréta María Grétarsdóttir	Forstjóri Arctic Adventures opnar ráðstefnuna
9:10	10:00	0:50	Tim Hurson	Snillingurinn innra með þér
10:00	10:50	0:50	Jim Ridge	Sameiginleg framtíðarsýn eða orðagrautur?
10:50	11:10	0:20		Morgunhressing
11:10	12:00	0:50	Valdimar Þór Svavarsson	Eru stjórnendur meðvirkir en leiðtogar ekki?
12:00	12:50	0:50	Dorte Nielsen	Leyndarmál hins ofurskapandi hugsuðar
12:50	13:40	0:50		Hádegisverður
13:40	14:30	0:50	Dr. Marc & Sam Hurwitz	Forysta er bara hálf sagan
14:30	15:20	0:50	Ingvar Jónsson	Tilfinningagreind er forsenda árangurs!
15:20	15:40	0:20		Síðdegishressing
15:40	16:30	0:50	Dr. Puleng Makhoalibe	Virkjaðu sköpunarkraftinn til að leiða breytingar!
16:30	17:00	0:30	Allir fyrirlesarar dagsins	Pallborðsumræður

BREYTINGAR

OG FORYSTUFÆRNI FRAMTÍÐAR

Bæjarbíó - Hafnarfirði - 29. nóvember frá 9:00 til 17:00



NBI® Forystugreining

Forystugreining fyrir alla þátttakendur er innifalin í verði námsstefnunar. Hún veitir þér innsýn í forystu-stíl þinn, og er sterk vísending um hvaða atriði skipta þig mestu máli og einnig hvar rýmið til vaxtar geta verið í þínu hlutverki!


Stjórnendur og leiðtogar með mjög ólík hugsnið hafa mjög ólíka sýn á heiminn og oft ólíkt gildismat. Þegar þú þekkir þínar ríkjandi hughneigðir áttu auðveldara með að setja þig í spor annarra og auka umburðarlyndi þitt gagnvart því hve ólík sýn okkar er á heiminn, hlutverkið, starfið, ákvörðunina og nánast allt sem tengist samskiptum á vinnustað.


Raundæmi um tvo íslenska stjórnendur:

Hér má sjá raunniðurstöður tveggja íslenskra stjórnenda með mjög ólíka sýn á hlutverk sitt og tvo ólíka forystustíla.



HÆFILEIKINN AÐ SJÁ FYRIR SÉR





Tim Hurson

Alþjóðlegur stjórnendabjálfi og met-söluhöfundur **McGraw Hill Classic** bókarinnar **Think Better**

SNILLINGURINN INNRA MEÐ ÞÉR

Tim hefur hjálpað stjórnendum og frumkvöðlum í yfir 40 löndum að uppgötva snillinginn innra með sér



Í erindi hans **Snillingurinn innra með þér** munt þú uppgötva og upplifa, frá fyrstu hendi, falinn kraft huga þíns til að skilja betur, hugsa betur, eiga betri samskipti og einfaldlega vera betri.

Tim telur að allir geti lært hvernig á að hugsa betur. Hann hefur sýnt það og sannað með störfum sínum um allan heim í yfir 30 ár – í yfir 40 löndum.

Viðskiptavinir hans eru frumkvöðlar á öllum hugsanlegum sviðum – í fyrirtækjarekstri, hernaði, félagsþjónustu, heilsugæslu, háskólasamfélaginu, vísindum og stjórnsýslu. Þú verður undrandi yfir kraftinum sem felst í því að nýta dulda snilligáfu þína við að efla skapandi, skilvirka og afkastamikla hugsun.

Bók hans **Hugsaðu betur (Think Better)** er í hópi útvaldra *McGraw Hill Classic* og er kennd í yfir 100 viðskiptaskólum um allan heim.



Jim Ridge

Listamaður og sérfræðingur í breytinga-stjórnun með meira en 30 ára reynslu með alþjóðlegum fyrirtækjakeðjum

SAMEIGINLEG FRAMTÍÐARSÝN EÐA ORÐAGRAUTUR?

Jim er sérfræðingur í að skapa sameiginlega sýn með starfsfólkinu, af starfsfólkinu, fyrir starfsfólkið – svo að eignarhaldið sé þeirra

Eitt það mikilvægasta í breytingaferlinu er sú sameiginlega sýn liðsheildarinnar sem á að endurspeglar þann ávinning sem breytingarnar eiga að skila. En oft kemur „sýnin“ fullunnin að ofan og er samsett úr fyrirsjáanlegum, bragðdaufum orðagraut.

En ef þú getur ekki sýnt mér mynd af framtíðarsýninni, mun ég ekki geta snert hana eða fundið fyrir henni. Hvers vegna í ósköpunum köllum við það sýn ef þetta eru orðin tóm?

Í þessu erindi munum við uppgötva hvernig hin sameiginlega sýn getur orðið ljósflíandi fyrir augum allra og kveikt neista innan fyrirtækisins. Hin áhrifaríka sameiginlega sýn er sett fram í þrívídd – áþreifanleg og sjónræn. Þegar öll lög fyrirtækisins taka þátt í að setja fram „áþreifanlega og sjónræna sýn“ dregur það huga og hjörtu fólks inn í hana með hætti sem mun aldrei nást með bragðdaufum orðagraut.




Ingvar Jónsson

Alþjóðlegur stjórnendamarkbjálfi og rithöfundur fjölda bóka hjá SAGE, Bismark og Mál og menningu

TILFINNINGAGREIND LEIÐTOGANS ER FORSENA ÁRANGURS!

Breytingum er ekki stjórnað eða stýrt – það er listform að leiða breytingar sem skila árangri



70% af breytingum innan fyrirtækja ná ekki tilætluðum árangri. Meginástæða þess er að stjórnendum er falið að stjórna og stýra þeim. Listformið við breytingar er að fela þær í hendur leiðtogum sem búa yfir tilfinningagreind sem er það sem þarf til að leiða breytingar alla leið.

Stóra vandamálið þegar kemur að breytingum er að það er of mikið af stjórnendum og of fáir leiðtogar innan fyrirtækja. Tilfinningagreindur leiðtogi er sá leiðtogi sem hefur tileinkað sér það sem þarf til að afla sér fylgienda.

Stjórnandi gengur á eftir og stjórnar, tekur ákvarðanir sem hann ætlast til að aðrir fylgi eftir og geri það sem þeim er sagt að gera og eins og þeim er sagt. Leiðtogi gengur á undan með góðu fordæmi og fylgjendur fylgja honum á þeirri vegferð vegna þess trausts og þeirrar virðingar sem hann hefur aflað sér meðal samstarfsfólks síns.





Dorte Nielsen

Sérfræðingur í skapandi hugsun og höfundur 11 bóka, þ.á.m. metsölbókarinnar **The Secret of The Highly Creative Thinker**

LEYNDARMÁL HINS OFURSKAPANDI HUGSUÐAR

Skapandi hugsun er besta mótefnið við stöðnun og stuðlar að sjálfbærri þróun þinni í hlutverki leiðtogans!



Fólk sem lærir hugmyndafræðina á bak við skapandi hugsun öðlast um leið færni í að koma auga á tengingar. Gæti það að kenna fólk að koma auga á tengingar verið leið til að hjálpa því að verða meira skapandi?

Erindi Dorte er einstakt tækifæri til að öðlast dýpri skilning á sköpunargáfu og skapandi ferlum og tólum og veitir hagnýta nálgun á hvernig þú getur auðgað meðfædda hæfileika þína til að hugsa með skapandi hætti.

Hér er tækifæri til að eyða goðsögninni um að sköpunargáfan sé eitthvað sem aðeins útvaldur minnihluti býr yfir. Hér er tækifærið til að læra „leyndarmál“ ofurskapandi einstaklinga. Hér er tækifæri til að öðlast þá þekkingu, tækni og þjálfun sem þú þarft til að auka eigin meðfæddu sköpunargáfu og leiða þig til ánægju, árangurs, uppfinningasemi, nýsköpunar og breytinga.

Þetta er einstök kynning sem sameinar praktíska, hagnýta nálgun og traustan, fræðilegan grunn.



Dr. Marc & Samantha Hurwitz

Alþjóðlegir metsöluhöfundar og hönnuðir á hinu fyrsta líkani 21. aldar á áhrifamætti fylgjenda- og forystufæmi



FORYSTA ER BARA HÁLF SAGAN

Dr. Marc og Samantha hafa komið fram með nýja sýn á fylgjenda og forystufærni og áhrifaríkri starfsmögnun



Ímyndaðu þér að þú eigir leyniformúlu sem myndi fylla fyrirtækið af eldmóð og ástríðu – sem gerði þér kleift að skapa meiri verðmæti samhliða því að þú aukir ábyrgð, framleiðni, sköpunarkraft og helgun um 17% til allt að 43%.

Ímyndaðu þér líka að þessi formúla auki lipurð (e. agility) fyrirtækisins og geri því kleift að bregðast hraðar við óvæntum atburðum, ytri áföllum og fyrir huguðum innri breytingum. Leyndarmálið er þetta:

Leiðtogafærni + Fylgjendafærni = Frábært samstarf og lipurt (e. agile) fyrirtæki

Í þessu gagnvirka erindi máttu búast við að læra um nýjustu rannsóknirnar um fylgjendafærni, rökin á bak við samstarfsmiðaða nálgun, taugavísindin á bak við árangursríkar breytingar og smá stærðfræði sem mun virðast eins og galdrar!



Valdimar Þór Svavarsson

Leiðandi sérfræðingur á sviði meðvirkni og áhrifum (skaða) sem hún getur haft á stefnumótun og menningu fyrirtækja

ERU STJÓRNENDUR MEÐVIRKIR EN LEIÐTOGAR EKKI?

Valdimar er sérfræðingur í meðvirkni - einni stærstu hindrun í breytingarferli innan fyrirtækja

Meðvirkni er líklega einn mesti skaðvaldur innan fyrirtækja þó lítið sé um hana rætt. Birtingarmyndir meðvirkni eru margvíslegar. Fólk upplifir erfiðleika í samskiptum og einfaldir hlutir verði flóknir af þeim sökum. Mikil tilfinningasemi, lítill samstarfsvilji, baktal, dómharka og skortur á heilbrigðum samskiptum eru einnig meðal þeirra birtingarmynda sem meðvirkni hefur í för með sér.

Stjórnendur og aðrir starfsmenn ættu að vera upplýstir um að slíkt ástand hefur í för með sér sóun á tækifærum sem annars gætu skapast. Þegar meðvirkni er alvarleg eykur hún álag á allt starfsfólk.

Í versta falli stuðlar meðvirkt ástand á vinnustað að kulnun með tilheyrandi kostnaði, breytingum og álagi á fyrirtækið og allt starfsfólk innan þess.





Dr. Puleng Makhoalibe

Alþjóðlegur fyrirlesari, rithöfundur og frumkvöðull. Hún var valin ein af 20 áhrifamestu kvenleiðtogum heims

AÐ KVEIJA LOGA SKÖPUNARKRAFTSINS TIL AÐ LEIÐA BREYTINGAR

Í erindi Dr. Puleng mætir hönnun sköpunargáfunni, hugurinn mætir hjartanu og hugrekkið vanmættinum



Sid Parnes sagði eitt sinn að það væri betra að móta framtíðina en að sætta sig við það sem lífið hefur upp á að bjóða. Í þessu erindi lærum við hvernig máttur sköpunarkraftsins og ímyndunarafslsins nýtist leiðtoganum við að móta framtíð fyrirtækisins og hvernig hann getur skuldbundið sig til að halda þeirri stefnu, þrátt fyrir viðnám og ófyrirsjáanleika.

Við virkjum okkar innri styrk til að kveikja innra með okkur meðfæddan sköpunarkraft (við höfum hann öll) og nýtum hann við að móta framtíðina:

Leiða breytingar, aðlagast þeim raunveruleika sem við búum við og lóðsa okkur í gegnum það flækjustig sem breytingum fylgir á leið okkar að þeirri framtíð sem við stefnum að.

Það krefst sköpunarkrafts, samvinnu og hugrekkis að leiða breytingar.

Getum við lært að leiða með þessum eiginleikum?

Já við getum það!

„Þú getur ekki tengt saman punktana horfandi fram á við. Þú getur einungis gert það með því að líta til baka.“

Steve Jobs

